



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundasvið

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS

### Minnisblað

**Efni: Þróunarverkefni á landsvísu um samræmt verklag um móttöku og þjónustu við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.**

Á liðnum misserum hefur fjölgað gríðarlega í hópi Íslendinga af erlendum uppruna og straumur flóttafólks til Íslands hefur aldrei verið meiri. Móttaka barna og fullorðinna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn er eitt stærsta verkefni sem blasir við íslensku samfélagi og ljóst er að það verkefni er komið til að vera. Menntakerfið er ekki nægjanlega vel í stakk búið til að sinna þeim áskorunum sem þessar aðstæður skapa og allt of mörg börn af erlendum uppruna eru að heltast úr lestinni, ná ekki félagslegri inngildingu og eiga takmarkaða möguleika á framhaldsnámi. Þá þarf að nýta betur þau tækifæri sem gefast í skóla- og frístundastarfi til að skapa menningu um eflandi samskipti og menningarnæmi meðal barna og fullorðinna sem er nauðsynlegt til að sporna við neikvæðum viðhorfum, fordómum og rasisma sem ýtir undir útilokun og jaðarsetningu. Þrátt fyrir miklar áskoranir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur hefur margt gott verið gert í borginni á liðnum árum sem og í nokkrum sveitarfélögum og stofnunum ríkis og háskólasamfélaginu sem mikilvægt er að byggja á. Skóla- og frístundasvið býr að því að hafa sterkt sérfræðingateymi hjá Miðju máls og læsis (MML) sem sinnir ráðgjöf, fræðslu og stuðningi við starfsstaði vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þar hefur á liðnum árum orðið til mikilvæg þekking en mikið er leitað til MML frá öðrum sveitarfélögum enda ekkert sambærilegt teymi starfandi á landinu. Þá hefur Reykjavíkurborg brugðist við mörgum aðkallandi verkefnum sem oft tengjast nemendum með erfiða reynslu, hafa skerta skólagöngu og/eða hafa verið á flótta. Meðal þeirra aðgerða sem ráðist hefur verið í innan SFS er starfsemi Birtu stoðdeildar sem felur í sér skólaúrræði fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd, búið er að koma upp fjórum íslenskuverum í öllum borgarhlutum og vorið 2022 var komið á fót tímabundinni skóla- og fjölskyldumiðstöð til að mæta þeim stóra hópi flóttafólks sem kom frá Úkraínu á þeim tíma.

Í ljósi þess að vandinn er aðkallandi og áskoranir víðtækar er mikilvægt að nota innviði og kerfi sem þegar eru til staðar og eru að sinna vel málum sem að þessu snúa. Verkefnið snýst því um að samhæfa úrræði og mannauð, safna saman þeirri þekkingu sem er til staðar ásamt því að styrkja og þróa núverandi úrræði.

### Verkefnið

Í býgerð er að setja af stað þróunarverkefni um samræmt verklag um móttöku og þjónustu við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á landsvísu í samræmi við aðferðarfræði sem sýnt hefur góðan árangur hjá Reykjavík og fleiri sveitarfélögum.





Markmið verkefnisins er að þróa og tryggja skólasamfélaginu öfluga grunnmenntun verðandi kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi, markvissa starfsþróun, ráðgjöf, námsgögn og verkfæri sem nýtast til að mæta betur börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakrunn ásamt því að stuðla að aukinni inngildingu og gagnkvæmri aðlögun í skólasamfélaginu. Þá verða í ferlinu mótuð stuðningsúrræði sem einkum er ætlað að bregðast við flóknari aðstæðum einstakra barna.

Framkvæmd verkefnisins verður á ábyrgð Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS) með stuðningi ráðuneytisins, í mikilli samvinnu við Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, Kennarasamband Íslands, Samtökin Móðurmál, Ungmennaráð, nemendur og eftir atvikum fleiri.

Sérstakur samhæfingarstjóri verður ráðinn sem heldur utan um verkefnið í samvinnu við alla aðila. Fríða Bjarney Jónsdóttir hefur samþykkt að gegna starfi samhæfingarstjóra í um tvö ár og verður staða hennar kostuð af ráðuneytinu.

### **Framkvæmdin**

Gert er ráð fyrir að samhæfingarstjóri verði kominn í fullt starf eigi síðar en í byrjun apríl og það fagteymi sem vinnur að verkefninu verði komið til starfa í byrjun ágúst. Stýri-, ráðgjafar- og samráðshópar komi til starfa á tímabilinu frá febrúar til maí 2024.

Búin verður til fagleg samlegð (fagteymi) úr þeim þekkingar- og fagteymum sem þegar eru til staðar bæði innan MMS og hjá sveitarfélögum:

- MML hjá Reykjavíkurborg
- Núverandi starfsfólk MMS sem kemur að læsi, málefnum barna af erlendum uppruna og útgáfumálum
- Hópur sérfræðinga sem verða ráðnir til MMS til viðbótar.

Aðrir sem munu leggja inn fagþekkingu og reynslu til aukinnar samhæfingar:

- Fulltrúar fræðsluskrifstofa og skóla í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu sem hafa sérþekkingu á málflóknum
- Rannsakendur og kennarar frá þeim háskólastofnunum sem sinna grunnmenntun kennara og annarra fagstétta innan skóla- og frístundastarfsins
- Fræðslusetur og háskólar sem sinna starfsþróun í málafloknum til starfandi kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi

### **Verkefnið og Reykjavíkurborg**

Grundvallarforsenda er að verkefnið styrki og efli Reykjavíkurborg í móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og inngildingu þeirra í samfélaginu. MML verður hluti af sterku fagafli sem hefur meiri möguleika í að styðja við starfsfólk borgarinnar í störfum sínum með fjölbreyttari hætti og veita þeim viðeigandi úrræði. Starfsfólk MML verður áfram starfsmenn Reykjavíkurborgar. Gert er ráð fyrir að MML starfi að mestu í sama húsnæði og MMS a.m.k. tvö næstu árin.

Með því að samhæfingarstjóri komi úr röðum sérfræðinga Reykjavíkurborgar er verið að stuðla að því að áherslur í samhæfingu taki m.a. mið af þörfum Reykjavíkurborgar. Þá verður nýtt reynsla SFS af öflugu samstarfi við háskólasamfélagið. Verkefnið hefur þegar verið kynnt fyrir öllum starfsmönnum MML og NýMið og er mjög jákvæður andi í hópnum gagnvart þessu mikilvæga verkefni. Á komandi vikum verður unnið að frekari útfærslu verkefnisins.





**Reykjavík**